



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 19. OKTÓBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Nemandi sendir inn bréf vegna próftíma. Taldi hann slæmt að ekki væri hægt að fá sambærilega þjónustu í hlutaprófum eða tímaprófum og í lokaprófum. Þ.e. lengri próftíma, að fá prófið lesið fyrir þau og svo frv. Þessu erindi var vísað til stjórnenda.

Þrír nemendur segja sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Næsta vika er íþróttavika FG – Flensburg. Byrjar á mánudag með því að frumsýna myndband sem á að byggja upp stemmingu fyrir vikuna. Golfmót á miðvikudag eða fimmtudag. Flensburg sér um það. NFFG sér um grill í hádeginu á föstudaginn 28. okt. Kennt verður til kl. 13.00. Nemendur úr Flensburg koma hingað kl. 13.00 á föstudag og þá hefst íþróttadagurinn í Mýrinni. Þau koma með rútum en kostnaðurinn við rúturnar skiptist á milli nemendafélaganna. Um kvöldið verður síðan útsvarskeppni líklega í Flensburg.

Salsaball verður á Spott fimmtudaginn 3. nóvember. Skólinn verður skreyttur helgina fyrir salsavikuna. Miðasala hefst á mánudeginum 31. okt. og þá kemur hraðbankabíll hingað til að auðvelda miðasölu.

3. Önnur mál

Nemendur nefndu hvort hægt væri að hafa skólann lengur opinn á daginn þannig að hægt verði að vinna í verkefnum og komast í tölvur? Nemendur hafa mismunandi aðstöðu heima hjá sér til þess að læra og vinna í verkefnum og væri mjög gott að geta komið í skólann til að vinna verkefni. Skólameistari ætlar að athuga hvort einhver möguleiki er að koma til móts við nemendur í þessu máli.

Fundinn sátu:

Alexandra Kristín Johnsdóttir í stjórn NFFG
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen skólameistari
Guðbjörn Björnsson forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri og fundarritari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi